Ættartölur og fróðleikur

Föðurætt Sigurgríms Jónssonar í Holti.

1. Sigurgrímur Jónsson, f. 05. júni 1896 Holti Stokkseyrarhreppi.

2. Jón Jónsson f. 13. september 1849 í Jórvík. Bóndi í Oddagörðum 1877-88 og Holti 1888-1921 og oddviti langa hríð, d. 09.05-1939, nálega níræður. K. 08.10.1880 Ingibjörg f. 17.04.1853 Gljákoti, Grímsdóttir, b. Gljákoti Jónssonar og Guðfinnu Sigurðardóttur b. Gljákoti Sigurðarsonar. Börn:
1. Ingimundur, 2. Sigurgrímur bóndi Holti, 3. Ingibjörg húsfreyja Fjalli, gift Guðmundi b. þar Lýðssyni hreppstj. Hlíð af Víkingslækjarætt, 4. Guðfinna f. 1890 d. óg. og barnlaus.

3. Jón Gamalíelsson f. 03.09.1821 Votmúla, bóndi Jórvík og Oddagörðum 1871-77 d.12.09.1877. Kona fyrri 02.11.1846 Ingibjörg, d. 1861 Einarsdóttur b. Brú, Kristóferssonar b. Stekkum Jónssonar og k.. hans Ingunnar, d. 02.12.1863 Jónsdóttur skipasmiðs Ásgautsstöðum, Snorrasonar. Börn: 1. Jón, 2. Einar í Aldarminni, 3. Sigurður b. Kolsholti, faðir síra Sigurðar á Desjamýri, 4. Ingimundur dó frumvaxta, 5. Gamalíel í Tjarnarkoti. Seinni kona Margrét d. 1870, Jónsdóttir, hálfsystir Gunnars bónda á Selfossi Jónssonar. Börn þeirra 6. Ólafur í Kolsholti, faðir Guðmundu símastýru Selfossi og Júníuss bílstjóra Björk og Selfossi, 7. Jón söngmaður og formaður Íragerði, faðir Elínar og Margrétar, sem nú eru giftar konur á Selfossi.

4. Gamalíel Sigurðarson f. 1792 Egilsstöðum, b. Votmúla, d. 04.05.1871, átti 15.07.1819 Guðrúnu Guðmundaráttur.

5. Sigurður Guðmundarson f.u. 1757 Arabæ á Gaulum, b. Tóftum 1818. d. 08.10.1830, átti Sigríði f. u. 1761 Stokkseyri Gamalíelsdóttur hrstj. Stokkseyri Jónssonar, Eyálfssonar. Var Sigríður systir Jóns yngra á Stokkseyri, föður Jóns ríka á Loftstöðum vestri .. Börn Sigurðar og Sigríðar: 1. Gróa f.k. Þorvarðs Hallgrímssonar Brattsholti, 2. Gamalíel (?), 3. Guðmundur f.u. 1795 Egilsstöðum, b.Íragerði og víðar, 4. Guðný f.k. Skafta læknis í R.vík Skaftasonar og 5. Felix í Vatnskoti Þykkvabæ.

6. Guðmundur Ásmundarson f.u.1723, b. Arabæ.

7.Ásmundur Ásmundarson f.u. 1694, b.

Sviðugörðum 1729, átti Önnu f.u.1695 Böðvarsdóttur og börn: 1. Björn 7 vetra 1729, 2. Guðmundur (6), 3 .Halla 3-ja vetra og 4. Erlendur 6 mánaða.

8. Ásmundur Guðmundarson d.f. 1703 bóndi Fljótshólahjáleigu á ofanverðri 17. öld. Kona sennil. Halla f. u.1667 Filuppusdóttir, systir Þórarins b. Fljótshólum 1703 Filippussonar, Bjarnasonar. Börn: 1. Ásmundur og 2. Hallgríma 8 vetra 1703.

9. Guðmundur Ormsson f.u. 1629, b. Hólahjáleigu 1660-1700, d. f. 1703 átti Guðrúnu f.u. 1621 Ásmundardóttur , sennílega Minni-Völlum Landi Brynjólfssonar af Klofaætt. Börn: 1. Jón smiður Hólum, 2. Hjörtr bóndi Bár 3. Evert á Kalastöðum, 4. Andrés faðir Hjartar b. Syðra-Velli 1729, 5. Ásmundur, 6. Ástríður **í** Oddagörðum og 7. Indriði í Steinskoti á Eyrum.

10. Ormur Indriðason d.f. 1. april 1661 b. Hólum Stokkseyrarhr. 1640-61. Kona Ástríður. Börn: 1. Guðmundur, 2. Valgerður kona Snorra Jónssonar bónda Hólum 1661-87. Valgerður var enn á lífi 1703 í Gengishólum efri, talin 88 ára, til heimilis hjá Bergþóri syni sínum, 3. Erlendur b. SyðraSeli, 4. Stefán í Stokkseyrarseli eystra og 5. Þórður b. Traðarholti.

Þessi ættartala af föðurætt Sigurgríms Jónssonar er gerð af Birni Sigurbjarnarsyni, Selfossi og er sennilega hvergi til á bókum.